

**Nd. 613. Frumvarp til laga [282. mál]**  
**um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.**

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svó:  
Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmdá samtímis á landinu öllu 9 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.  
Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1981 um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í 88. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla var upphaflega stefnt að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu kæmi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna. Þetta merkir að lögin hefðu átt að vera komin til framkvæmda að þessu leyti haustið 1980. Hins vegar er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum að Alþingi fjalli nánar um níu ára skólaskyldu áður en hún kemur til fullra framkvæmda. Fyrirhugað er að leggja fyrir næsta þing nokkrar breytingar á grunnskólalögum og mun þá gefast tækifæri til þess að Alþingi tjái sig nánar um skólaskylduna. Alþingi frestaði með lögum 1980 að láta 9 ára skólaskyldu koma til framkvæmda það ár, og var frestunin framlengd um 1 ár með lögum nr. 39/1981. Samkvæmt þeim lögum átti 9 ára skólaskylda að koma til framkvæmda í landinu öllu á komandi hausti 1982.

Með frumvarpi því sem hér liggur fyrir er enn lagt til að fresta gildistöku níu ára skólaskyldu um eitt ár, þ. e. til hausts 1983.